



**Ræða**  
**forseta Íslands**  
**Ólafs Ragnars Grímssonar**  
**í hádegisverði í Laugargerðisskóla**  
**í opinberri heimsókn í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu**  
**3. október 2000**

Ágætu heimamenn

Ég þakka ykkur fyrir frábærar móttöku í upphafi opinberrar heimsóknar minnar í hina sögufrægu og fögru sýslu ykkar.

Það hefur í senn verið skemmtilegt og fróðlegt að koma hér í skólann ykkar og kynnst alúð og einbeitni sem lögð er í menntun unga fólksins og ég þakka nemendum skólans og kennurum fyrir góða dagskrá.

Ég hef á ferðum mínum um byggðir landsins sannfærst um að í hinum smærri skólum til sveita er unnið hið merkilegasta menntastarf. Samvinna kennara og nemenda er þar nán og samfelld, svigrúmið til sköpunar, sjálfstæðis og nýjunga oft meira en í hinum stærri skólum þar sem skipulag krefst meiri formfestu og kerfisaga.

Hér hjá ykkur fá einstaklingarnir að njóta sín og þroski hvers og eins er í fyrirrúmi. Kannski skynja ég þetta betur því fyrsti skólinn sem ég var í líktist einmitt ykkar skóla. Það var í fámennu þorpi vestur á fjörðum, aðeins nokkrir tugir nemenda og skólanum skipt í tvo bekki, sérhver nemandi naut nánna tengsla við þá kennara sem við skólann störfuðu.

Ég hef síðar á ævinni sannfærst æ betur um hvílík gæfa það var að alast upp við þá samkennd sem fámennið og dreifbýlið skóp. Þekking á lífssögum hvers og eins varð meiri strax í æsku og unga fólkið skynjaði betur hrynjandina í samspili manns og náttúru, hvort sem það var á vorin þegar lömbin fæðast, niðri á bryggju að taka á móti róðrabátum eða að hausti þegar smalað er og sláturtíðin hefst með öllu sínu litríka umstangi.

Í samræðum við unga fólkið hér hjá ykkur, frásagnir þess og tilsvör skynja ég að æskan sem nú er að alast upp á Snæfellsnesi er einnig að njóta bestu kosta þeirrar arfleifðar sem héraðið varðveitir. Það hefur ekki síður verið ánægjulegt að spjalla við hina eldri og finna sterkan og einbeittan vilja hvarvetna til að tryggja framtíð sveitanna hér, gefa hinum ungu tækifæri til að axla ábyrgð og spreyta sig við búrekstur undir mildri og menntandi handleiðslu þeirra sem reynsluna hafa.

Hér erum við á slóðum fornkappa. Í Fagraskógarfjalli sat Grettir þrjá vetur og herjaði á bændur og ferðamenn, skammt undan lögðust þeir Grettir og Björn Hítðælakappi "í einu eftir allri Hítará ofan frá vatni og út til sjóvar. Þeir færðu stéttir þær í ána er aldrei síðan hefir úr rekið, hvorki með vatnavöxtum né ísalögum eða jöklagangi." Þegar Halldór Laxness var einhverju sinni á þessum slóðum spurði hann staðkunnugan mann hvort þessi frásögn gæti verið annað en vitleysa, fullorðið fólk mundi stórskaðast af því að reyna sund ofan eftir Hítará, svo vatnslítill sem hún virtist vera. Hinn staðkunnugi taldi frásögnina vel geta staðist því áin yrði geysimikil í leysingum.

Sunnanvert á Snæfellsnesi er svo sannarlega margt sem minnir á einstæða náttúru og ríkulegar söguslóðir, eiginleika sköpunarverksins og atburði úr þúsund ára Íslandssögu. Snæfellsnes: heillandi, dulúðugt og forvitnilegt; sýnishorn af undrum íslenskrar náttúru, fegurð fjalla og dala, hrauns og gróðurs, heiða, víkur og fjarða sem allt leikur hér saman líkt og heillandi hljómkviða, litir og form síbreytileg frá einum áfangastað í annan. Einkum nú þegar haustið hefur heilsað og vetur gengur senn í garð, þá er fjölbreytileikinn og fegurðin enn frekar aukin með þeim þáttaskilum sem nú sjást í náttúrunni.

Hér er jarðhitinn áminning um þá krafta sem búa í neðra þótt ekki skrifum við nú upp á þá kenningu útlenskra ferðalanga frá fyrri öldum að á Snæfellsnesi megi finna ef vel sé leitað innganginn að hallarkynnum Kölska sjálfs eða þar sé inngangur að miðju jarðar eins og Jules Verne skrifaði. Þvert á móti hefur jarðhitinn verið nýttur hér til heilla og hollustu enda býr Kolviðarneslaug að einhverjum mesta jarðhita á nesinu sjálfu. Sundkennsla hófst hér fyrir meir en 150 árum, langt á undan flestum öðrum byggðum landsins. Sama gildir um Lýsuhól þar sem laug er þekkt frá fornu fari og kannski margar aldir síðan hún var fyrst notuð til baða enda byggt þar sérstakt baðhús sem aðeins heldrimannabyggðir á þeirri tíð gátu talið sér til tekna.

Mér verður hugsað til þess að þegar við höldum héðan munum við fara hjá hinu merka kirkjusetri Staðastað og skemmtilegt er hvernig nafn þess og saga tengist daglegri önn okkar í forsetaembættinu.

Staðastaður er sögufrægt býli Ara fróða Þorgilssonar sem gaf okkur Íslendingabók, fyrstu Íslandssöguna og að líkindum frumgerð Landnámu, hins mikla yfirlitsrits um búsetu og sagnir á fyrstu öldum byggðar í landinu, og Þórðar goðorðsmanns Sturlusonar, bróður Snorra skálds og sagnajöfurs sem lengst af bjó í Reykholti en reyndar einnig á Bessastöðum – og var gaman að geta í sumar vígt ásamt konungi og drottningu Noregs Snorrastofu í Reykholti, nýja miðstöð rannsókna og fræða sem helguð er hinni fornu gullöld í menningu okkar Íslendinga.

Staðastaður hefur ekki aðeins verið prestsetur um aldir, heimili merkisklerka, prófesta og biskupsefna heldur einnig fæðingarstaður móður Sveins Björnssonar fyrsta forseta lýðveldisins og það var heitið sem faðir hans Björn Jónsson gaf húsinu sem hann reisti við Tjörnina í Reykjavík árið 1912 og nú er aðsetur skrifstofu forsetans í höfuðborginni. Er því allur póstur til forsetans sem ekki er sendur beint til Bessastaða skráður á Staðastað og við hugsum oft til þeirrar sögufrægu sveitar sem gaf húsinu nafn.

Staðarsveitin með snarbrött fjöll og vatnabyggð, Bláfeldarhraun og Hraunsmúlhraunið, Jökulinn í vestri. Hnappadalur einnig með sín eigin eldfjöll og hraunbreiður: Eldborg, Rauðamelskúlur, Rauðhálsa og Gullborg. Hraunið stíflaði dalinn og skóp á þann hátt vötnin tvö Oddstaðavatn og Hlíðarvatn og ekki langt í Gullborgarhella sem eru með stærstu dropsteinahellum á landi hér.

Þannig mætti lengi rekja náttúruundrin, hið einstæða sýnishorn sköpunarverksins sem þið varðveitið hér um slóðir ásamt merkri sögu um atvinnu og þjóðlífsbrag á fyrri tíð. Hér vestan við eru Arnarstapi og Hellnar sem náttúran gerði á árum áður að kjörstöðum til útgerðar og sjósóknar enda voru fyrir um 300 árum um tvö hundruð manns heimilisfastir á Hellnum og kjalförin enn grópuð í klappirnar á Hleinavör. Á Arnarstapa var þá einnig myndarbyggð á mælikvarða þeirrar tíðar, álíka og í Reykjavík, nærri þrjátíu hjáleigur og búðir og verslunarsvæðið frá Búðarhrauni að Skarðsvík. Sama sagnahefð á svo sannarlega við um Búðir þar sem Brimarkaupmenn versluðu á 16. öld og snemma var fengist við útgerð og vinnslu.

Það skortir svo sannarlega ekki fjölþættar tilvísanir í sögu okkar og menningu hér um slóðir og fjársjóðurinn sem þið eigið í þeim arfi og sköpunarverki náttúrunnar er dýrmætt veganesti þegar haldið er til móts við nýja tíma.

En þó er það nú ætíð svo að mannfólkið sjálft er það sem mestu skiptir og ég óska ykkur til hamingju með þá auðlegð sem þið eigið í æskufólkinu, skólafarfinu og þeirri samstöðu sem einkennir íbúana í sveitum hér.

Við Íslendingar þurfum svo sannarlega á því að halda að góðar hefðir sem mótað hafa þjóðlíf okkar og atvinnuhætti haldi velli á nýrri öld og því er brýnt varðveita það framlag sem sveitir landsins hafa jafnan veitt. Hér og í fjörðum og dölum um landið allt liggja þær rætur sem best hafa dugað og við verðum að hlúa vel að á nýrri öld.

Það hefur verið mér sérstök ánægja á forsetaferli að sækja heim hinar dreifðu byggðir og eiga í þeim ferðum orðastað við unga og aldna á heimavelli, fræðast um reynslu, vonir og framtíðardrauma.

Sú líftaug sem jafnan hefur legið milli landsbyggðar og Bessastaða hefur verið mér og fyrri forsetum afar kær og ég þakka ykkur fyrir frábærar móttökur hér í dag og óska ykkur og byggðum ykkar allra heilla um ókomin ár.